

35. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund mánudaginn 18. mars 2002 kl. 18:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Gretar D. Pálsson, formaður, Guðmundur Kristinsson, Kristján Gunnlaugsson, Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri, Sveinn Björnsson byggingafulltrúi. Sigurþór Guðmundsson boðaði forföll.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Aðalskipulag 2002 - 2022.

- ◆ Athugasemd Ingimundar Pálssonar.
Erindinu vísað til gerðar deiliskipulags og bæjarstjórnar.
- ◆ Athugasemd Ræktunarfélags Stykkishólms og fjárræktabænda um frístundabúskap.
*Frístundabúskapur verður merktur inn á aðalskipulag.
Uþb. 9 hektara svæði verður merkt blandaðri landnotkun, sem blanda af frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota. Þetta svæði er notað af frístundabændum í dag en verður mögulegt að nýta einnig undir frístundabyggð á skipulagstímanum þegar önnur svæði eru að fullu nýtt.*
- ◆ Athugasemd frá Náttúruvernd ríkisins.
Skoðaðar voru þær ábendingar og tekið var til greina það sem bent var á.
- ◆ Athugasemd frá Skipulagsstofnun ríkisins.
Farið var yfir athugasemdir frá Skipulagsstofnun ríkisins og tillit tekið til þeirra.
- ◆ Greinargerð.
Farið var yfir texta greinargerðar dags. 15.03.2002.

Skipulags og byggingarnefnd mælir með að framlagðar teikningar og drög að greinargerð aðalskipulags 2002 – 2022 verði samþykktar í bæjarstjórn.

2. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10.

Sveinn Björnsson (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.),
Óli Jón Gunnarsson (sign.).

Gretar D. Pálsson (sign.),
Kristján Gunnlaugsson (sign.),